

Sæl

Mín tillaga er að reglugerðin standi óbreytt eins og hún kemur frá ráðuneytinu. Ég sé ekki að sérreglur gagnist, eða hafi gagnast, sveitarfélaginu.

En ef vilji bæjarráðs er eindreginn til breytinga þá legg ég til breytingar á reglunum frá fyrra ári eins og fram kemur hér að neðan. Breytingarnar eru litaðar rauðar. Grænritað eru athugasemdir og svo spurning við e-lið.

Bestu kveðjur,

Óli

Ákvæði reglugerðar nr. 685/2018 gilda um úthlutun byggðakvóta Siglufjarðar og Ólafsfjarðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

a) **Ákvæði a-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Hafa leyfi til veiða í atvinnu-skyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, við lok umsóknar-frests og eru undir 1.000 brúttótonn að stærð.**

Þessi grein er óþörf það er ekkert skip í Fjallabyggð stærra en 1.000 brl sem á rétt á byggðakvóta. Raunar er það frekar neyðarlegt að bæjarráð leggi lykkju á leið sína til þess að það sé alveg tryggt að Sólberg ÓF-1 fái ekki byggðakvóta (en það er önnur saga)

b) **Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. september 2017 til 31. ágúst 2018, þó að hámarki 70.000 þorskígildiskíló(fella burt) á bát. Aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs skal skiptast á milli einstakra fiskiskipa, sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, hlutfallslega eftir veiði fiskiskipa á byggðakvóta fiskveiðiárið 2018/2019.**

Með því að hafa þessa grein svona þá eru meiri líkur á því að byggðakvóti falli ekki niður ónotaður.

c) **Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélagi af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.**

d) **Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2018 til 31. ágúst 2019.**

e) Við ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar bætist: Heimil eru skipti á fiski í jöfnum þorskígildum milli fiskvinnslna. Hvernig virkar þetta í framkvæmd ?

From: Guðrún Sif Guðbrandsdóttir <gudrun.sif.gudbrandsdottir@fjallabyggd.is>

Sent: fimmtudagur, 16. janúar 2020 13:07

To: Ólafur Marteinnsson <olafur@rammi.is>

Subject: FW: Bæjarráð Fjallabyggðar - 634. fundur þann 7. janúar

Sæll Ólafur

Biðst velvirðingar á orðlaginu en þú varst á póstlistanum þar sem Múlaberg hefur fengið úthlutaðan byggðakvóta.

Ekki var ætlunin að ganga fram hjá neinum í bókun bæjarráðs.

Pósturinn var ítrekaður þar sem engin viðbrögð komu við honum, en hefur þú tillögur ?

Kveðja

Guðrún Sif